

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Fundargerð aðalfundar nr. 133



Fundur haldinn mánudaginn 28. febrúar kl. 20:00 í fjarfundarbúnaði Microsoft Teams og í Krummasölum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Urriðaholti í Garðabæ. Fundur settur kl. 20:06

Mætt: Ester Rut Unnsteinsdóttir (ERU), Hrefna Sigurjónsdóttir (HS), Helena W. Óladóttir (HÓ), Ágúst H. Bjarnason, Þóra Björg Andrésdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Árni Hjartarson, Hrund Ólafsdóttir og Sveinbjörn Egill Björnsson.

Nærværandi í fjarfundarbúnaði: Anna Heiða Ólafsdóttir (AHÓ), Kjartan Birgisson, Margrét Rósa Jochumsdóttir, Hlín Halldórsdóttir, Þórunn Kristjánsdóttir, Ingimundur Bergmann Garðarsson og Gróa Valgerður Ingimundardóttir (GVI).

Fundarstjóri: Snorri Sigurðsson

Fundarritari: Gróa Valgerður Ingimundardóttir

Tæknimaður: Kjartan Birgisson, starfsmaður Náttúrufræðistofnunar

1. Fundur settur

Ester Rut Unnsteinsdóttir formaður, setti fundinn og stakk upp á Snorra Sigurðssyni sem fundarstjóra og Gróu Valgerði Ingimundardóttur sem fundarritara. Tillögurnar voru samþykktar af fundinum.

Fundarstjóri tekur við af formanni í púltinu og þakkar traustið. Hann fer yfir dagskrá fundar með vísan í lög félagsins. Í 7. grein laga félagsins segir:

Aðalfund félagsins skal halda í febrúar ár hvert, og skal dagskrá hans vera sem hér segir:

- a. Skýrt frá helstu framkvæmdum á liðna árinu.
- b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
- c. Kosin stjórn og tveir skoðunarmenn reikninga og einn skoðunarmaður til vara.

d. Önnur mál.

Aðalfund skal boða félagsmönnum með bréfi eða tölvupósti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmaður, ef löglega er til hans boðað. Á fundinum ræður einfaldur meirihluti úrslitum í öllum málum öðrum en þeim, er varða lagabreytingar. Til þess að lagabreytingar öðlist gildi, þurfa þær að vera samþykktar með minnst 2/3 hluta atkvæða. Tillögu til lagabreytinga má því aðeins taka til afgreiðslu á aðalfundi, að hún hafi borist félagsstjórn fyrir áramót og verið kynnt félagsmönnum í fundarboði. Þó má hvorki breyta ákvæðum 2. gr. né 10. gr.

Fundarstjóri fer yfir hvernig boðað var til fundar þann 14. febrúar í tölvupósti til félagsmanna, á heimasíðu HÍN og á Facebook. Hann spyr fundinn hvort löglega hafi verið boðað til fundarins og enginn hreyfir mótmælum.

Þá býður hann formanni að koma í pontu til að fara yfir liðið starfsár.

2. Skýrsla stjórnar

Ester Rut formaður stígur í pontu og las upp ársskýrslu stjórnar sem var varpað upp á skjá. Að auki bætti hún við að eini árangur af umræðu um selastofninn hafi verið breyting á orðalagi í reglugerð. Sjá annars ársskýrslu stjórnar í heild sinni á heimasíðu félagsins hér.

Fundarstjóri spyr hvort fundurinn sé með einhverjar athugasemdir eða ábendingar og Álfheiður Ingadóttir hafði rekið augun í að Guðmundur Guðbrandsson hafði verið rangfeðraður í skýrslunni. Ester kvaðst að sjálfsögðu laga það um hæl. Annars samþykkti fundurinn skýrsluna.

Fundarstjóri þakkar Ester og býður þá Gróu Valgerði, forsvarsmanni Flóruvina að greina fundinum frá starfsemi þeirra á liðnu ári en hún er stödd í Svíþjóð og sést á skjá í fundarsal.

Gróa greinir frá starfsemi hópsins á árinu, nánast orðrétt en skýrsluna má nálgast á heimasíðu HÍN [hér](#).

Fundarstjóri tekur aftur til máls og þakkar Gróu.

3. Reikningar félagsins

Fundarstjóri býður Ester Rut formanni að gera grein fyrir reikningum félagsins en hún er tímabundið sitjandi gjaldkeri. Hún stígur í pontu og fer yfir reikningana fyrir árið 2021 sem hún varpar upp á skjá. Reikningarnar hafa verið yfirfarnir og samþykktir af félagslega kjörnum skoðunarmönnum reikninga, þeim Steinþóri Nielssyni og Sveinbirni Agli Björnssyni.

Ester bendir sérstaklega á í yfirferð sinni að sumarstarfsmaður sem félagið fékk styrk fyrir hafi kostað félagið um 200 þúsund krónur umfram styrkinn sem fékkst. Sömuleiðis vekur hún athygli á að liðurinn “Birgðir” sé liður sem hafi ekki breyst í fjölda ára heldur hafi gjaldkerar ávallt afritað hann frá ári til árs en þetta þurfi að skoða sérstaklega á komandi starfsári.

Ársreikninga í heild sinni má nálgast á heimasíðu HÍN.

Fundarstjóri fær orðið, þakkar gjaldkera og kallar eftir athugasemdum frá fundarmönnum en engar koma. Að því loknu leggur hann reikninga fram til samþykktar og eru þeir samþykktir af fundinum.

4. Kosningar

Fundarstjóri fer yfir stöðu stjórnar og gerir grein fyrir að Ester Rut formaður hafi verið kosin til tveggja ár þurfi því að kjósa á ný til formann sem samkvæmt lögum félagsins er kosinn sérstaklega. Sömuleiðis hefur kjörtímabil þriggja annarra stjórnarmanna runnið út, þeirra Helenu W. Ólafsdóttur, Önnu Heiðu Óladóttur og Snæbjörns Guðmundssonar. Enn fremur hætti Guðmundur Björnsson þegar hans kjörtímabil var rétt nýhafið og Gróa Valgerður Ingimundardóttir óskar eftir að ganga úr stjórn nú á aðalfundi þegar eitt ár er eftir af kjörtímabilinu. Því er lagt fyrir fundinn það frávík að kjósa tvo stjórnarmenn til eins árs í stað þeirra Guðmundar og Gróu. Fundurinn samþykkir frávikið.

Ester Rut Unnsteinsdóttir gefur kost á sér til áframhaldandi formannssetu og fundarstjóri kallar eftir mótframboði sem ekkert var. Hún er endurkjörin með lófataki.

Hrefna Berglind Ingólfisdóttir og Hlín Halldórsdóttir bjóða sig fram til stjórnarsetu til eins árs. Engin mótframboð koma fram og eru þær kjörnar með lófataki.

Helena W. Ólafsdóttir og Anna Heiða Óladóttir bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Auk þess býður Bryndís Guðrún Róbertsdóttir sig fram til stjórnarsetu. Engin önnur framboð komu fram og voru þær allar kjörnar með lófataki.

Fundarstjóri vekur athygli á því að þetta er í fyrsta sinn í hinni löngu sögu félagsins sem stjórnin er einungis skipuð konum, áður fyrr hafi þær verið margar stjórnirnar sem einungis voru skipaðar körlum.

Skoðunarmenn reikninga, þeir Sveinbjörn Egill Björnsson og Steinþór Níelsson, voru endurkjörnir í fyrra til tveggja ára svo ekki þarf að kjósa skoðunarmenn.

5. Önnur mál

Lagabreytingar

Hér eru borin fram önnur mál, frá stjórn eða sem hafa borist til stjórnar fyrir fundinn. Engin slík erindi bárust stjórn fyrir tiltekinn tíma en stjórn hefur lagt til lagabreytingu og var tillagan send út með aðalfundarboði, sem jafnframt liggur frammi á vef félagsins.

Fundarstjóri varpar tillögum að lagabreytingum upp á skjá og fer yfir nákvæmlega hvaða breytingar er um að ræða. Um er að ræða tvær lagabreytingar. Annars vegar leggur stjórn til til lagabreytingu í tilefni þess að stjórn vill að félagsmenn geti setið í stjórn óháð búsetu en kröfur banka um undirritun eyðublaða getur reynst stjórninni erfið ef stjórnarmaður býr langt frá útibúi og er ekki með rafræn skilríki. Lagabreytingin sést feitletruð:

6. grein. Sjö manna stjórn sér um framkvæmdir félagsins og annast öll málefni þess. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Annað árið ganga út úr stjórninni formaður og þrír aðrir stjórnarmenn, en hitt árið þrír stjórnarmenn. **Við undirritun skjala eða eyðublaða nægir að meirihluti stjórnarmanna skrifi undir eða staðfesti með rafrænum skilríkjum nema landslög kveði á um annað.**

Fundarstjóri kallar eftir athugasemdum og Álfheiður Ingadóttir bendir á að þar sem engir varamenn séu í stjórn geti það komið upp að stjórn verði fámenn, rétt eins og gerðist á liðnu starfsári. Því sé e.t.v. heppilegra að tala um ákveðinn fjölda stjórnarmanna í stað meirihluta. Lagabreytingartillögunni var því breytt á eftirfarandi hátt:

6. grein. Sjö manna stjórn sér um framkvæmdir félagsins og annast öll málefni þess. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Annað árið ganga út úr stjórninni formaður og þrír aðrir stjórnarmenn, en hitt árið þrír stjórnarmenn. **Við undirritun skjala eða eyðublaða skulu að lágmarki fjórir stjórnarmenn skrifa undir eða staðfesta með rafrænum skilríkjum nema landslög kveði á um annað.**

Fundurinn samþykkti lagabreytinguna á 6. grein.

Fundarstjóri kynnir þá lagabreytingartillögu fyrir 8. grein laga félagsins sem til kemur vegna rafrænnar útgáfu Náttúrufræðingsins á komandi starfsári og áherslu á umhverfissjónarmið. Yfirstrikaður texti tákna texta sem skal fella út en feitletraður texti er nýr:

8. grein. Félagið gefur út tímaritið Náttúrufræðinginn, ~~er félagsmenn fá ókeypis~~. Í honum skal hvert ár birta skýrslu um starfsemi og hag félagsins. **Efni ritsins er öllum aðgengilegt á veraldarvefnum en félagsmenn verði spurðir sérstaklega hvort þeir vilji fá sent prentað eintak, sér að kostnaðarlausu. Við útgáfu ritsins skal leitast við að fara sem umhverfissvænastar leiðir, t.a.m. með umhverfissvottaðari prentun.**

Engar athugasemdir komu fram vegna breytinga á 8. grein og samþykkti fundurinn lagabreytinguna.

Tilnefning heiðursfélaga

Fundarstjóri kynnti næsta lið undir önnur mál en það er tilnefning heiðursfélaga. Hann gaf Gróu Valgerði orðið. Gróa kynnti Ágúst H. Bjarnason sem stjórnin hafði valið sem heiðursfélaga og reifaði ástæður þær er liggja að baki þeirri ákvörðun en Ágúst hefur bæði verið formaður félagsins en auk þess unnið ötullega í sínum frístundum að glæða áhuga og auka þekkingu manna á grasafræði en það er eitt af markmiðum félagsins, bundið í lög þess. Formaður afhendir Ágústi blómvönd og viðurkenningarskjál. Ágúst stígur þá í pontu og þakkar Gróu vinsamleg orð. Hann heldur síðan tölu þar sem hann rekur starf sitt sem formaður félagsins og sem grasafræðingur en hann hefur starfað sem slíkur nánast alfarið í eigin frítíma. Hann hefur að mestu verið utan við fræðasamfélagið ef frá er talinn vinur hans Helgi Hallgrímsson. Hann talaði um veggmyndina sem Eggert Pétursson málaði og hvernig hún hafi verið hugsuð félaginu til framdráttar. Alls ekki var samstaða um myndina á sínum tíma og þótti mörgum í stjórn hugmyndin miður góð. Sömmuleiðis talaði hann um hvernig hann hafði forgöngu að gerð frímerkja sem síðar í ferlinu fækkaði niður í eitt þ.e. Náttúrufræðistofnun Íslands eignaðist hitt þeirra. Ýmislegt fleira fróðlegt nefndi Ágúst í tölu sinni.

Fundarstjóri býður þá Árna Hjartarsyni í pontu til að kynna næsta heiðursfélaga. Árni hélt ítarlega tölu um líf og störf Álfheiðar Ingadóttur sem stjórn tilnefndi sem heiðursfélaga fyrir áralöng störf sín fyrir félagið en enginn hefur sinnt starfi ritstjóra Náttúrufræðingsins jafn lengi og hún, þ.e. frá 1997-2006 og aftur 2014-2021. Hann talaði um baráttukonuna sem var snemma þungaviktarmanneskja í stjórn málum. Hún lét m.a. til sín taka í baráttunni um byggingu Náttúruhúss. Formaður og Álfheiður koma að púltinu og færir formaður Álfheiði blómvönd og viðurkenningarskjál. Álfheiður þakkaði mikinn heiður og sagðist stolt að vera í hópi þess góða fólks sem auk hennar hafa orðið heiðursfélagar í gegnum tíðina. Í störfum sínum sem ritstjóri hafi hún einnig kynnst fjöldanum öllum af fólki, rithöfundum, ritrynum, ljósmyndurum og

prófarkarlesurum svo eitthvað sé nefnt. Blaðið sé hið eina sem birtir ritrýndar greinar á öllum sviðum náttúrufræða á íslensku og það er forsenda þess að hugtök og hugmyndir geti þroskast og þróast á íslensku. Álfheiður þakkaði ritstjórn og nefndi sérstaklega Droplaugu Ólafsdóttur án þess þó að halla á neinn annan. Eins nefndi hún Mörd Árnason og Ingrid Markmann sem sérstaklega mikilvægan lið í því að Náttúrufræðingurinn birtist á vandaðri og auðlesinni íslensku.

Fundarstjóri tók við orðinu af Álfheiði og innti eftir öðrum málum. Gróa Valgerður bað um orðið og benti á að gleymst hafði að kjósa formenn faghópa, þ.e. Flóruvina. Gróa var kosin á aðalfundi 2021 og býður sig fram til áframhaldandi setu. Það var samþykkt.

Þar eð engin önnur mál komu upp gaf fundarstjóri formanni stjórn fundarins.

6. Fundarslit

Formaður þakkaði Snorra skelegga fundarstjórn! Hún þakkaði sömuleiðis Gróu fyrir fundarritun og Kjartani Birgissyni fyrir tæknistjórnun en það tók hann að sér þrátt fyrir að vera heima með covid-19.

Hún þakkaði sömuleiðis fyrir fundinn í heild og ýmislegt áhugavert sem komið hafi fram á honum, t.a.m. um frímerkin sem Ágúst talaði um. Einnig lýsti hún yfir ánægju með að sjá fram á áframhaldandi samvinnu með Álfheiði þrátt fyrir að hún sé nú hætt sem ritstjóri.

Fundi var slitið 21:40